

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2020/217****2021/EES/7/46**

frá 4. október 2019

**um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna í því skyni að laga hana að framförum í tækni og vísindum og um leiðréttingu á þeirri reglugerð (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 <sup>(1)</sup>, einkum 5. mgr. 37. gr. og 1. mgr. 53. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í töflu 3 í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 er skrá yfir samræmda flokkun og merkingu hættulegra efna sem byggist á þeim viðmiðunum sem settar eru fram í 2.–5. hluta I. viðauka við þá reglugerð.
- 2) Tillögur um að innleiða samræmda flokkun og merkingar á tilteknum efnum og að uppfæra eða fella brott samræmdar flokkanir og merkingar á tilteknum öðrum efnum hafa verið lagðar fyrir Efnastofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Efnastofnunin) skv. 37. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008. Samkvæmt álitum á þeim tillögum sem áhættumatsnefnd Efnastofnunarinnar gaf út, sem og athugasemdum sem bárust frá hlutaðeigandi aðilum, er rétt að innleiða, uppfæra eða fella brott samræmda flokkun og merkingu á tilteknum efnum. Þessi álit áhættumatsnefndarinnar <sup>(2)</sup> eru:
  - Álit frá 9. júní 2017 um 4,4'-súlfónýlbisfenól, fjölliða með ammóníumklóríði (NH<sub>4</sub>Cl), pentaklórófosfórani og fenóli
  - Álit frá 22. september 2017 um tvínatríum-4-amínó-6-((4-((4-(2,4-díamínófenýl)asó)fenýlsúlfamóýl)fenýl)asó)-5-hýdroxý-3-((4-nítrófenýl)asó)naftalín-2,7-dísúlfónat
  - Álit frá 9. júní 2017 um fenýlbis(2,4,6-trímetylbensóýl)fosfínóxíð
  - Álit frá 22. september 2017 um kóbalt
  - Álit frá 22. september 2017 um nikkkelbis(súlfamídat), nikkelsúlfamat
  - Álit frá 22. september 2017 um etýlenoxíð, oxíran
  - Álit frá 22. september 2017 um 2,4,6,8-tetrametyl-1,3,5,7-tetraoxasýklóoktan, metaldehýð
  - Álit frá 15. mars 2017 um 2-bensýl-2-dímetylamínó-4'-morfolínóbútýrifenón

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttð. ESB L 44, 18.2.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 199/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

<sup>(1)</sup> Stjttð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1.

<sup>(2)</sup> [https://echa.europa.eu/registry-of-clh-intentions-until-outcome/-/dislist/name/-/ecNumber/-/casNumber/-/dte\\_receiptFrom/-/dte\\_receiptTo/-/prc\\_public\\_status/Opinion+Adopted/dte\\_withdrawnFrom/-/dte\\_withdrawnTo/-/sbm\\_expected\\_submissionFrom/-/sbm\\_expected\\_submissionTo/-/dte\\_finalise\\_deadlineFrom/-/dte\\_finalise\\_deadlineTo/-/haz\\_additional\\_hazard/-/lec\\_submitter/-/dte\\_assessmentFrom/-/dte\\_assessmentTo/-/prc\\_regulatory\\_programme/-/](https://echa.europa.eu/registry-of-clh-intentions-until-outcome/-/dislist/name/-/ecNumber/-/casNumber/-/dte_receiptFrom/-/dte_receiptTo/-/prc_public_status/Opinion+Adopted/dte_withdrawnFrom/-/dte_withdrawnTo/-/sbm_expected_submissionFrom/-/sbm_expected_submissionTo/-/dte_finalise_deadlineFrom/-/dte_finalise_deadlineTo/-/haz_additional_hazard/-/lec_submitter/-/dte_assessmentFrom/-/dte_assessmentTo/-/prc_regulatory_programme/-/)

- Álit frá 5. desember 2017 um píridat (ISO), O-(6-klóró-3-fenýlpýridasín-4-ýl)-S-oktýlþíókarbónat
  - Álit frá 22. september 2017 um dódekýlmetakrýlat
  - Álit frá 5. desember 2017 um 2-fenýlhexannítríl
  - Álit frá 15. mars 2017 um þíabendasól (ISO), 2-(þíasól-4-ýl)bensímídasól
  - Álit frá 9. júní 2017 um N,N-díetýl-m-tólúamíð, DEET
  - Álit frá 14. september 2017 um títandíoxíð
  - Álit frá 15. mars 2017 um metýlkvikasílfursklóríð
  - Álit frá 9. júní 2017 um bensól[*rst*]pentafen
  - Álit frá 9. júní 2017 um díbensól[*b,def*]krýsen, díbensól[*a,h*]pýren
  - Álit frá 22. september 2017 um etanól-2,2'-imínóbis-N-(C13-15 greinótt og línuleg alkýl)-afleiður
  - Álit frá 5. desember 2017 um sýflúmetófen (ISO), 2-metoxýetýl (RS)-2-(4-tert-bútýlfenýl)-2-sýanó-3-oxó-3-( $\alpha,\alpha,\alpha$ -tríflúoró-ó-tólýl)própíónat
  - Álit frá 9. júní 2017 um pentakalíum-2,2',2'',2''',2''''-(etan-1,2-díýlnítríl)pentaasetat
  - Álit frá 9. júní 2017 um N-karboxýmetýlimínóbis(etýlennítríl)tetra(edíksýra)
  - Álit frá 9. júní 2017 um pentanatríum(karboxýlatmetýl)imínóbis(etýlennítríl)tetraasetat
  - Álit frá 9. júní 2017 um díísóhexýlþalat
  - Álit frá 9. júní 2017 um flúdíoxóníl (ISO), 4-(2,2-díflúoró-1,3-bensodíoxól-4-ýl)-1H-pýrról-3-karbónítríl
  - Álit frá 22. september 2017 um halósúlfúrónmetýl (ISO), metýl-3-klóró-5[(4,6-dímetoxýpýrimidín-2-ýl)karbamóýl]súlfamóýl-1-metýl-1H-pýrasól-4-karboxýlat
  - Álit frá 5. desember 2017 um 2-metýlimídasól,
  - Álit frá 15. mars 2017 um (RS)-2-metoxý-N-metýl-2-[ $\alpha$ -(2,5-xýlýloxý)-o-tólýl]asetamíð, mandestróbín
  - Álit frá 5. desember 2017 um karboxín (ISO), 2-metýl-N-fenýl-5,6-díhýdró-1,4-oxaþín-3-karboxamíð, 5,6-díhýdró-2-metýl-1,4-oxaþín-3-karboxanilíð
  - Álit frá 5. desember 2017 um metaflúmísón (ISO), (EZ)-2'-[2-(4-sýanófenýl)-1-( $\alpha,\alpha,\alpha$ -tríflúoró-m-tólýl)etýliden]-[4-(tríflúorómetoxý)fenýl]karbanílhýdrasíð[E-hverfa  $\geq 90\%$ , Z-hverfa  $\leq 10\%$  hlutfallslegt innihald] [1] (E)-2'-[2-(4-sýanófenýl)-1-( $\alpha,\alpha,\alpha$ -tríflúoró-m-tólýl)etýliden]-[4-(tríflúorómetoxý)fenýl]karbanílhýdrasíð [2]
  - Álit frá 5. desember 2017 um díbútýlbis(pentan-2,4-díónató-O,O')tin.
- 3) Matsgildi bráðra eiturhrifa eru aðallega notuð til að ákvarða flokkun fyrir bráð eiturhrif á heilbrigði manna af völdum blandna sem innihalda efni sem eru flokkuð með tilliti til bráðra eiturhrifa. Innfærsla samræmdra matsgilda bráðra eiturhrifa í færslurnar sem tilgreindar eru í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 auðveldar samræmingu flokkunar á blöndum og veitir eftirlitsyfirvöldum stuðning. Í kjölfar frekari vísindalegra mata á nokkrum efnum hafa matsgildi bráðra eiturhrifa verið reiknuð út fyrir metýlkvikasílfursklóríð, pentakalíum-2,2',2'',2''',2''''-(etan-1,2-díýlnítríl)pentaasetat, N-karboxýmetýlimínóbis(etýlennítríl)tetra(edíksýru), pentanatríum(karboxýlatmetýl)imínóbis(etýlennítríl)tetraasetat (DTPA), etýlenoxíð, oxíran og metaldehyð (ISO), 2,4,6,8-tetrametýl-1,3,5,7-tetraoxasýklóoktan til viðbótar við þau sem eru lögð til í álitum áhættumatsnefndarinnar. Færa ætti þessi matsgildi bráðra eiturhrifa inn í næstsíðasta dálkinn í töflu 3 í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008.
- 4) Í vísindalegu áliti áhættumatsnefndarinnar um efnið kóbalt frá 22. september 2017 lagði hún til að efnið yrði flokkað sem krabbameinsvaldur í undirflokki 1B með sértæk styrkleikamörk sem nema  $\geq 0,01\%$ . Aðferðafræðin sem var notuð til að ákvarða sértæku styrkleikamörkin útheimti þó frekara mat, einkum að því er varðar það hvort hún henti fyrir málmsambönd. Sem stendur er því rétt að færa ekki inn nein sértæk styrkleikamörk í töflu 3 í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 fyrir kóbalt en í því tilviki gilda almennu styrkleikamörkin sem nema  $\geq 0,1\%$ , í samræmi við töflu 3.6.2 í I. viðauka við þá reglugerð.

- 5) Í vísindalegu álitum áhættumatsnefndarinnar um efnið títrandíoxíð frá 14. september 2017 lagði hún til að efnið yrði flokkað sem krabbameinsvaldur í 2. undirflokki við innöndun. Þar eð krabbameinsvaldandi áhrif á lungu af völdum títrandíoxíðs tengjast innöndun á títrandíoxíðögnum, geymd og lítilli leysni agnanna í lungum er rétt að skilgreina títrandíoxíðagnir, sem hægt er að anda að sér, í færslunni um títrandíoxíð. Gert er ráð fyrir að agnir, sem setjast til, en ekki uppleyst títrandíoxíð valdi greindum eiturrhifum á lungu og síðar æxlismyndun. Í því skyni að forðast óréttmæta flokkun á hættulausum formum efnisins ætti að mæla fyrir um sérstakar athugasemdir að því er varðar flokkun og merkingu efnisins og blandna sem innihalda það. Að auki, þar eð hættulegt ryk eða dropar gætu myndast við notkun blandna sem innihalda títrandíoxíð, er nauðsynlegt að upplýsa notendur um varúðarráðstafanir sem þarf að gera til að lágmarka hættu fyrir heilbrigði manna.
- 6) Að því er varðar efnin pentakalíum-2,2',2'',2''',2''''-(etan-1,2-díýlnítríl)pentaasetat, N-karboxýmetylíminóbis-(etýlennítríl)tetra(edíksýru) og pentanatríum(karboxýlatmetýl)imínóbis(etýlennítríl)tetraasetat (DTPA) ætti flokkunin sem efni sem hafa bráð eiturrhif í 4. undirflokki og efni sem hafa sértæk eiturrhif á marklíffæri - endurtekin váhrif (2. undirflokkur), sem mælt er með í álitum áhættumatsnefndarinnar frá 9. júní 2017, að koma fram í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 þar eð næg vísindabecking er fyrir hendi til að réttlæta þessa nýju flokkun. Að því er varðar efnin pentakalíum-2,2',2'',2''',2''''-(etan-1,2-díýlnítríl)pentaasetat og N-karboxýmetylíminóbis(etýlennítríl)tetra(edíksýru) ætti flokkunin sem augnertandi efni í 2. undirflokki, sem mælt er með í álitum áhættumatsnefndarinnar frá 9. júní 2017, að koma fram í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 þar eð næg vísindabecking er fyrir hendi til að réttlæta þessa nýju flokkun. Hins vegar ætti flokkunin á efnunum pentakalíum-2,2',2'',2''',2''''-(etan-1,2-díýlnítríl)pentaasetat, N-karboxýmetylíminóbis(etýlennítríl)tetra(edíksýru) og pentanatríum(karboxýlatmetýl)imínóbis-(etýlennítríl)tetraasetat (DTPA) sem efni sem hafa eiturrhif á æxlun í undirflokki 1B ekki að koma fram þar eð hún krefst frekara mats áhættumatsnefndarinnar í ljósi nýrra vísindagagna um eiturrhif á æxlun sem iðnaðurinn lagði fram eftir að álit áhættumatsnefndarinnar voru send til framkvæmdastjórnarinnar.
- 7) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1272/2008 til samræmis við það.
- 8) Í reglugerð (EB) nr. 1272/2008 er samræmd flokkun, merking og þökkun fyrir efnið bik, úr háhitakoltjöru. Framkvæmdastjórnin breytti samræmdri flokkun, merkingu og þökkun efnisins með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 944/2013 <sup>(3)</sup> frá og með 1. apríl 2016. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/669 <sup>(4)</sup> breytti reglugerð (EB) nr. 1272/2008 enn frekar. Vegna stjórnsýslulegrar yfirsýjónar voru tilteknar breytingar sem voru innleiddar með reglugerð (ESB) nr. 944/2013, en gildi breytinganna varð ekki fyrir áhrifum af dómi Almenna dómstólsins í máli T-689/13 <sup>(5)</sup> eins og hann var staðfestur með dómi Dómstólsins í máli C-691/15 P <sup>(6)</sup>, ekki endurspegladar í reglugerð (ESB) 2018/669. Sú reglugerð kemur til framkvæmda frá og með 1. desember 2019. Því ætti að leiðrétta reglugerð (EB) nr. 1272/2008 frá og með sama degi.
- 9) Til að tryggja að birgjar efna og blandna hafi tíma til að laga sig að nýju ákvæðunum um flokkun og merkingu ætti að fresta gildistöku þessarar reglugerðar.
- 10) Í því skyni að halda samræmi við nálgunina sem liggur til grundvallar 2. mgr. 61. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008 ætti birgjum að vera gefinn kostur á að beita ákvæðunum um flokkun, merkingu og þökkun, sem eru innleidd með þessari reglugerð, að eigin frumkvæði áður en hún kemur til framkvæmda.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### 1. gr.

#### Breytingar á reglugerð (EB) nr. 1272/2008

Reglugerð (EB) nr. 1272/2008 er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum II. viðauka er breytt eins og fram kemur í I. viðauka við þessa reglugerð,

<sup>(3)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 944/2013 frá 2. október 2013 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og þökkun efna og blandna í því skyni að laga hana að framförum á sviði tækni og vísinda (Stjttíð. ESB L 261, 3.10.2013, bls. 5).

<sup>(4)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/669 frá 16. apríl 2018 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og þökkun efna og blandna í því skyni að laga hana að tæknilegum og vísindalegum framförum (Stjttíð. ESB L 115, 4.5.2018, bls. 1).

<sup>(5)</sup> Dómur Almenna dómstólsins frá 7. október 2015, *Bilbáina de Alquitranes o.fl. gegn framkvæmdastjórninni*, T-689/13, EU:T:2015:767.

<sup>(6)</sup> Dómur Dómstólsins frá 22. nóvember 2017, *Framkvæmdastjórnin gegn Bilbáina de Alquitranes o.fl.*, C-691/15 P, EU:C:2017:882.

- 2) Ákvæðum III. viðauka er breytt eins og fram kemur í II. viðauka við þessa reglugerð,
- 3) Ákvæðum VI. viðauka er breytt eins og fram kemur í III. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

#### **Leiðrétting á reglugerð (EB) nr. 1272/2008**

Ákvæði VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 eru leiðrétt eins og fram kemur í IV. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

#### **Gildistaka og framkvæmd**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. október 2021.

Ákvæði 2. gr. gilda hins vegar frá 1. desember 2019.

Heimilt er að flokka, merkja og pakka efnum og blöndum í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008, eins og henni er breytt með þessari reglugerð, fyrir 1. október 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. október 2019.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

\_\_\_\_\_

*I. VIÐAUKI*

Ákvæðum 2. hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 er breytt sem hér segir:

1) Inngangsmálgreininni er breytt sem hér segir:

„Setningarnar, sem settar eru fram í liðum 2.1–2.10 og 2.12, skulu tilgreindar fyrir blöndur í samræmi við 6. mgr. 25. gr.“

2) Lið 2.12. er bætt við:

„2.12. **Blöndur sem innihalda titandíoxíð**

Á merkimiða umbúða fljótandi blandna, sem innihalda 1% eða meira af titandíoxíðögnum með loftfræðilegt þvermál sem er 10 µm eða minna, skal vera eftirfarandi setning:

ESB-H211: „Varúð! Hættulegir dropar sem hægt er að anda að sér geta myndast við úðun. Varist innöndun ýringar eða úða.“

Á merkimiða umbúða blandna í föstu formi, sem innihalda 1% eða meira af virku titandíoxíði, skal vera eftirfarandi setning:

ESB-H212: „Varúð! Hættulegt ryk sem hægt er að anda að sér getur myndast við notkun. Varist innöndun ryks.“

Að auki skal á merkimiða umbúða blandna í fljótandi og föstu formi, sem eru ekki ætlaðar almenningi og ekki flokkaðar sem hættulegar og sem eru merktar með ESB-H211 eða ESB-H212, vera setning ESB-H210.“

—

## II. VIÐAUKI

Í 3. hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 er eftirfarandi línur ESB-H211 og ESB-H212. bætt við:

„ESB-H211	Tungumál	
	BG	Внимание! При пулверизация могат да се образуват опасни респирабилни капки. Не вдишвайте пулверизираната струя или мъгла.
	ES	¡Atención! Al rociar pueden formarse gotas respirables peligrosas. No respirar el aerosol.
	CS	Pozor! Při postřiku se mohou vytvářet nebezpečné respirabilní kapičky. Nevdechujte aerosoly nebo mlhu.
	DA	Advarsel! Der kan danne sig farlige respirable dråber, når der sprayes. Undgå indånding af spray eller tåge.
	DE	Achtung! Beim Sprühen können gefährliche lungengängige Tröpfchen entstehen. Aerosol oder Nebel nicht einatmen.
	ET	Hoiatus! Pihustamisel võivad tekkida ohtlikud sissehingatavad piisad. Pihustatud ainet või udu mitte sisse hingata.
	EL	Προσοχή! Κατά τον ψεκασμό μπορούν να σχηματιστούν επικίνδυνα εισπνεύσιμα σταγονίδια. Μην αναπνέετε το εκνέφωμα ή τα σταγονίδια.
	EN	Warning! Hazardous respirable droplets may be formed when sprayed. Do not breathe spray or mist.
	FR	Attention! Des gouttelettes respirables dangereuses peuvent se former lors de la pulvérisation. Ne pas respirer les aérosols ni les brouillards.
	GA	Aire! D'fhéadfaí braoiníní guaiseacha inanáilthe a chruthú nuair a spraeáiltear an táirge seo. Ná hanálaigh sprae ná ceo.
	HR	Upozorenje! Pri prskanju mogu nastati opasne respirabilne kapljice. Ne udisati aerosol ni maglicu.
	IS	Varúð! Hættulegir dropar sem hægt er að anda að sér geta myndast við úðun. Varist innöndun ýringar eða úða.
	IT	Attenzione! In caso di vaporizzazione possono formarsi goccioline respirabili pericolose. Non respirare i vapori o le nebbie.
	LV	Uzmanību! Izsmidzinot var veidoties bīstami ieelpojami pilieni. Ne smidzinājumu, ne miglu neieelpot.
	LT	Atsargiai! Purškiant gali susidaryti pavojingų įkvėpiamų lašelių. Neįkvėpti rūko ar aerozolio.
	HU	Figyelem! Permetezés közben veszélyes, belélegezhető cseppek képződhetnek. A permetet vagy a ködöt nem szabad belélegezni.
	MT	Twissija! Jista' jifforma qtar perikoluż li jinġibed man-nifs meta tisprejja minn dan. Tiġbidx l-isprej jew l-irxiex man-nifs.
	NL	Let op! Bij verneveling kunnen gevaarlijke inhaleerbare druppels worden gevormd. Sputlevel niet inademen.
	PL	Uwaga! W przypadku rozpylania mogą się tworzyć niebezpieczne respirabilne kropelki. Nie wdychać rozpylonej cieczy lub mgły.
	PT	Atenção! Podem formar-se gotículas inaláveis perigosas ao pulverizar. Não respirar a pulverização ou névoas.
	RO	Avvertizare! Se pot forma picături respirabile periculoase la pulverizare. Nu respirați prin pulverizare sau ceață.
	SK	Pozor! Při rozprašování sa môžu vytvárat' nebezpečné respirabilné kvapôčky. Nevdychujte aerosóly ani hmlu.
	SL	Pozor! Pri razprševanju lahko nastanejo nevarne vdihljive kapljice. Ne vdihavajte razpršila ali meglic.

„ESB-H211	Tungumál	
	FI	Varoitus! Vaarallisia keuhkorakkuloihin kulkeutuvia pisaroita saattaa muodostua suihkutuksen yhteydessä. Älä hengitä suihketta tai sumua.
	SV	Varning! Farliga respirabla droppar kan bildas vid sprejning. Inandas inte sprej eller dimma.’
„ESB-H212	Tungumál	
	BG	Внимание! При употреба може да се образува опасен респирабилен прах. Не вдишвайте праха.
	ES	¡Atención! Al utilizarse, puede formarse polvo respirable peligroso. No respirar el polvo.
	CS	Pozor! Při použití se může vytvářet nebezpečný respirabilní prach. Nevdechujte prach.
	DA	Advarsel! Der kan danne sig farligt respirabelt støv ved anvendelsen. Undgå indånding af støv.
	DE	Achtung! Bei der Verwendung kann gefährlicher lungengängiger Staub entstehen. Staub nicht einatmen.
	ET	Hoiatus! Kasutamisel võib tekkida ohtlik sissehingatav tolm. Tolmu mitte sisse hingata.
	EL	Προσοχή! Κατά τη χρήση μπορεί να σχηματιστεί επικίνδυνη εισπνεύσιμη σκόνη. Μην αναπνέετε τη σκόνη.
	EN	Warning! Hazardous respirable dust may be formed when used. Do not breathe dust.
	FR	Attention! Une poussière respirable dangereuse peut se former lors de l'utilisation. Ne pas respirer cette poussière.
	GA	Aire! D'fhéadfaí deannach guaiseach inanáilthe a chruthú nuair a úsáidtear an táirge seo. Ná hanálaigh deannach.
	HR	Upozorenje! Pri prskanju može nastati opasna respirabilna prašina. Ne udisati prašinu.
	IS	Varúð! Hættulegt ryk sem hægt er að anda að sér getur myndast við notkun. Varist innöndun ryks.
	IT	Attenzione! In caso di utilizzo possono formarsi polveri respirabili pericolose. Non respirare le polveri.
	LV	Uzmanību! Izmantojot var veidoties bīstami ieelpojami putekļi. Putekļus neieelpot.
	LT	Atsargiai! Naudojant gali susidaryti pavojingų įkvėpiamų dulkių. Neįkvėpti dulkių.
	HU	Figyelem! Használatkor veszélyes, belélegezhető por képződhet. A port nem szabad belélegezni.
	MT	Twissija! Meta jintuza dan, jista' jifforma trab perikoluż li jingibed man-nifs. Tiġbidx it-trab man-nifs.
	NL	Let op! Bij gebruik kunnen gevaarlijke inhaalbare stofdeeltjes worden gevormd. Stof niet inademen.
	PL	Uwaga! W przypadku stosowania może się tworzyć niebezpieczny pył respirabilny. Nie wdychać pyłu.
	PT	Atenção! Podem formar-se poeiras inaláveis perigosas ao pulverizar. Não respirar as poeiras.
	RO	Avertizare! Se poate forma pulbere respirabilă periculoasă în timpul utilizării. Nu inspirați pulberea.
	SK	Pozor! Při použití sa môže vytvárat' nebezpečný respirabilný prach. Nevdychujte prach.
	SL	Pozor! Pri uporabi lahko nastane nevaren vdihljiv prah. Prah ne vdihavajte.
	FI	Varoitus! Vaarallista keuhkorakkuloihin kulkeutuvaa pölyä saattaa muodostua käytön yhteydessä. Älä hengitä pölyä.
	SV	Varning! Farligt respirabelt damm kan bildas vid användning. Inandas inte damm.“

III. VIÐAUKI

Ákvæðum VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum I. hluta er breytt sem hér segir:

a) Í lið 1.1.3.1 er eftirfarandi athugasemdum V og W bætt við:

„Athugasemd V:

Ef setja á efnið á markað sem trefjar (með þvermál < 3 µm, lengd > 5 µm og myndhlutfall ≥ 3:1) eða efnisagnir sem uppfylla viðmiðanir Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar fyrir trefjar eða sem agnir með umbreyttri yfirborðsefnafræði verður að meta hættulega eiginleika þeirra í samræmi við II. bálk þessarar reglugerðar til að meta hvort nota ætti hærri undirflokk (Krabb. 1B eða 1A) og/eða viðbótarváhrifaleiðir (um munn eða húð).“

Athugasemd W:

„Komið hefur í ljós að hætta á krabbameinsvaldandi áhrifum af þessu efni skapast við innöndun á ryki í magni sem leiðir til umtalsverðrar skerðingar á getu lungnanna til að losna við agnirnar.

Í þessari athugasemd er leitast við að lýsa sérlegum eiturhrifum efnisins; hún felur ekki í sér viðmiðun fyrir flokkun samkvæmt þessari reglugerð.“

b) Í lið 1.1.3.2 er eftirfarandi 10. athugasemd bætt við:

„10. athugasemd:

Flokkunin sem krabbameinsvaldur við innöndun gildir eingöngu um blöndur í duftformi sem innihalda 1% eða meira af titandíoxíði sem er í formi agna eða er í ögnum með loftfræðilegt þvermál ≤ 10 µm.“

2) Töflu 3 í 3. hluta er breytt sem hér segir:

a) Línur með skrárnúmer 604-083-00-X og 611-159-00-6 eru felldar brott.

b) Í stað línanna sem svara til skrárnúmeranna 015-189-00-5, 027-001-00-9, 028-018-00-4, 603-023-00-X, 605-005-00-7, 606-047-00-9, 607-232-00-7, 607-247-00-9, 608-039-00-0, 613-054-00-0, 616-018-00-2 og 648-055-00-5 koma eftirfarandi línur, eftir því sem við á:

Skrárnúmer	Efnaheiti	EB-nr.	CAS-nr.	Flokkun		Merkingar			Sértæk styrkleikamörk, M-stuðlar og matsgildi bráðra eiturhrifa	Athugasemdir
				Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir tákmynd, viðvörðunarorð	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir viðbótarhættusetningar		
„015-189-00-5	fenýlbis(2,4,6-trímetylbensóýl)-fosfínóxið	423-340-5	162881-26-7	Húðnæm. 1A Langv. eit. á vatn. 4	H317 H413	HSK07 Varúð	H317 H413“			



Skrárnúmer	Efnaheiti	EB-nr.	CAS-nr.	Flokkun		Merkingar			Sértæk styrkleikamörk, M-stuðlar og matsgildi bráðra eiturhrifa	Athugasemdir
				Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir táknmynd, viðvörunarorð	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir viðbótarhættusetningar		
„027-001-00-9	kóbalt	231-158-0	7440-48-4	Krabb. 1B Stökkbr. 2 Eit. á æxl. 1B Næm. öndunarf. 1 Húðnæm. 1 Langv. eit. á vatn. 4	H350 H341 H360F H334 H317 H413	HSK08 Hætta	H350 H341 H360F H334 H317 H413“			
„028-018-00-4	nikkelbis(súlfamídat), nikkelsúlfamat	237-396-1	13770-89-3	Krabb. 1A Stökkbr. 2 Eit. á æxl. 1B Bráð eit. 4 SEM-EV 1 Næm. öndunarf. 1 Húðnæm. 1 Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H350i H341 H360D*** H302 H372** H334 H317 H400 H410	HSK08 HSK07 HSK09 Hætta	H350i H341 H360D*** H302 H372** H334 H317 H410		um munn: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 853 mg/kg líkamsþyngdar (vatnsfrítt) um munn: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 1098 mg/kg líkamsþyngdar (tetrahýdrat) SEM-EV 1, H372: C ≥ 1% SEM-EV 2, H373: 0,1% ≤ C < 1% Húðnæm. 1, H317: C ≥ 0,01% M = 1“	
„603-023-00-X	etýlenoxíð, oxíran	200-849-9	75-21-8	Eldf. loftt. 1 Loftt. u. þrýst. Krabb. 1B Stökkbr. 1B Eit. á æxl. 1B Bráð eit. 3 Bráð eit. 3 SEM-VES 3 SEM-VES 3 SEM-EV 1 Húðæt. 1 Augnsk. 1	H220 H350 H340 H360Fd H331 H301 H335 H336 H372 (taugakerfi) H314 H318	HSK02 HSK08 HSK06 HSK05 Hætta	H220 H350 H340 H360Fd H331 H301 H335 H336 H372 (taugakerfi) H314		við innöndun: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 700ppm (lofttegundir) um munn: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 100 mg/kg líkamsþyngdar“	U

Skrárnúmer	Efnaheiti	EB-nr.	CAS-nr.	Flokkun		Merkingar			Sértæk styrkleikamörk, M-stuðlar og matsgildi bráðra eiturhrifa	Athugasemdir
				Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir táknmynd, viðvörunarorð	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir viðbótarhættusetningar		
„605-005-00-7	metaldehýð (ISO), 2,4,6,8-tetrametýl-1,3,5,7-tetraoxasýklóoktan	203-600-2	108-62-3	Eldf. fast efni 2 Eit. á æxl. 2 Bráð eit. 3 Langv. eit. á vatn. 3	H228 H361f H301 H412	HSK02 HSK08 HSK06 Hætta	H228 H361f H301 H412		um munn: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 283 mg/kg líkamsþyngdar“	
„606-047-00-9	2-bensýl-2-dímetylamínó-4'-morfólínóbútýrófenón	404-360-3	119313-12-1	Eit. á æxl. 1B Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H360D H400 H410	HSK08 HSK09 Hætta	H360D H410“			
„607-232-00-7	pýridat (ISO), O-(6-klóró-3-fenýlpýridasín-4-ýl)-S-oktýlpíókarbónat	259-686-7	55512-33-9	Bráð eit. 4 Húðert. 2 Húðnæm. 1 Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H302 H315 H317 H400 H410	HSK07 HSK09 Varúð	H302 H315 H317 H410		um munn: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 500 mg/kg líkamsþyngdar M = 1 M = 10“	
„607-247-00-9	dódekýlmetakrýlat	205-570-6	142-90-5	SEM-VES 3	H335	HSK07 Varúð	H335		SEM-VES 3, H335: C ≥ 10%“	
„608-039-00-0	2-fenýlhexannítríl	423-460-8	3508-98-3	Bráð eit. 4 Langv. eit. á vatn. 2	H302 H411	HSK07 HSK09 Varúð	H302 H411		um munn: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 500 mg/kg líkamsþyngdar“	
„613-054-00-0	þíabendasól (ISO), 2-(þíásól-4-ýl)-bensímídasól	205-725-8	148-79-8	Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H400 H410	HSK09 Varúð	H410		M = 1 M = 1“	
„616-018-00-2	díetýltólúamíð (ISO): N,N-díetýlm-tólúamíð, [DEET]	205-149-7	134-62-3	Bráð eit. 4 Húðert. 2 Augnert. 2	H302 H315 H319	HSK07 Varúð	H302 H315 H319		um munn: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 1892 mg/kg líkamsþyngdar“	

c) Eftirfarandi línur er bætt við:

Skráarnúmer	Efnaheiti	EB-nr.	CAS-nr.	Flokkun		Merkingar			Sértæk styrkleikamörk, M-stuðlar og matsgildi bráðra eiturhrifa	Athugasemdir
				Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir táknmynd, viðvörðunarorð	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir viðbótarhættusetningar		
„022-006-002	títandíoxíð, [í duftformi sem inniheldur 1% eða meira af ögnum með loftfræðilegt þvermál ≤ 10 µm]	236-675-5	13463-67-7	Krabb. 2	H351 (innöndun)	HSK08 Varúð	H351 (innöndun)			V, W, 10“
„080-012-00-0	metýlkvikasilfur-skloríð	204-064-2	115-09-3	Krabb. 2 Eit. á æxl. 1A Áhrif á/með mjólk. Bráð eit. 2 Bráð eit. 2 Bráð eit. 2 SEM-EV 1 Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H351 H360Df H362 H330 H310 H300 H372 (taugakerfi, nýru) H400 H410	HSK08 HSK06 HSK09 Hætta	H351 H360Df H362 H330 H310 H300 H372 (taugakerfi, nýru) H410		við innöndun: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 0,05 mg/l (ryk eða úði) um húð: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 50 mg/kg líkamsþyngdar um munn: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 5 mg/kg líkamsþyngdar	1“
„601-090-00-X	bensó[ <i>rst</i> ]pentafen	205-877-5	189-55-9	Krabb. 1B Stökkbr. 2	H350 H341	HSK08 Hætta	H350 H341“			
„601-091-00-5	díbensó[ <i>b,def</i> ]krýsen, díbensó[ <i>a,h</i> ]pýren	205-878-0	189-64-0	Krabb. 1B Stökkbr. 2	H350 H341	HSK08 Hætta	H350 H341“			
„603-236-00-8	etanól-2,2'-imínóbis-N-(C13–15 greinótt og línuleg alkýl)-afleiður	308-208-6	97925-95-6	Eit. á æxl. 1B	H360D	HSK08 Hætta	H360D“			
„607-733-00-0	sýflúmetófen (ISO), 2-metoxýetýl ( <i>RS</i> )-2-(4- <i>tert</i> -bútýlfenýl)-2-sýanó-3-oxó-3-( <i>α,α,α</i> -tríflúoró-ótólýl)própiónat	—	400882-07-7	Krabb. 2 Húðnæm. 1A	H351 H317	HSK08 HSK07 Varúð	H351 H317“			

Skrárnúmer	Efnaheiti	EB-nr.	CAS-nr.	Flokkun		Merkingar			Sértæk styrkleikamörk, M-stuðlar og matsgildi bráðra eiturhrifa	Athugasemdir
				Kóði eða kóðar fyrir hættuflokk og -undirflokk	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir táknmynd, viðvörðunorð	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir viðbótarhættusetningar		
„607-734-00-6	pentakalíum-2,2',2'',2''',2''''-(etan-1,2-díýlnítríl)-pentaasetat	404-290-3	7216-95-7	Bráð eit. 4 SEM-EV 2 Augnert. 2	H332 H373 (innöndun) H319	HSK08 HSK07 Hætta	H332 H373 (innöndun) H319		við innöndun: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 1,5 mg/l (ryk eða úði) <sup>66</sup>	
„607-735-00-1	N-karboxý-metýlimínóbis-(etýlennítríló)tetra-(ediksýra)	200-652-8	67-43-6	Bráð eit. 4 SEM-EV 2 Augnert. 2	H332 H373 (innöndun) H319	HSK08 HSK07 Hætta	H332 H373 (innöndun) H319		við innöndun: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 1,5 mg/l (ryk eða úði) <sup>66</sup>	
„607-736-00-7	pentanatríum(karboxýlatmetýl)-imínóbis(etýlennítríl)-tetraasetat	205-391-3	140-01-2	Bráð eit. 4 SEM-EV 2	H332 H373 (innöndun)	HSK08 HSK07 Hætta	H332 H373 (innöndun)		við innöndun: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 1,5 mg/l (ryk eða úði) <sup>66</sup>	
„607-737-00-2	díísóhexýlþalat	276-090-2	71850-09-4	Eit. á æxl. 1B	H360FD	HSK08 Hætta	H360FD <sup>66</sup>			
„608-069-00-4	flúdíoxóníl (ISO), 4-(2,2-díflúoró-1,3-bensódíoxól-4-ýl)-1H-pýrról-3-karbónítríl	—	131341-86-1	Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H400 H410	HSK09 Varúð	H410		M = 1 M = 10 <sup>66</sup>	
„613-329-00-5	halósúlfúrónmetýl (ISO), metýl-3-klóró-5[(4,6-dímetoxýpýrimídín-2-ýl)karbamóýl]súlfamóýl-1-metýl-1H-pýrasól-4-karboxýlat	—	100784-20-1	Eit. á æxl. 1B Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H360D H400 H410	HSK08 HSK09 Hætta	H360D H410		M = 1000 M = 1000 <sup>66</sup>	
613-330-00-0	2-metýlimídasól	211-765-7	693-98-1	Eit. á æxl. 1B	H360Df	HSK08 Hætta	H360Df			

Skrárnúmer	Efnaheiti	EB-nr.	CAS-nr.	Flokkun		Merkingar			Sértæk styrkleikamörk, M-stuðlar og matsgildi bráðra eiturhrifa	Athugasemdir
				Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir táknmynd, viðvörunarorð	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir viðbótarhættusetningar		
„616-225-00-8	(RS)-2-metoxý-N-metýl-2-[α-(2,5-xýlýloxý)-o-tólýl]asetamíð, mandestróbín	—	173662-97-0	Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H400 H410	HSK09 Varúð	H410		M = 1 M = 10 <sup>4</sup>	
„616-226-00-3	karboxín (ISO), 2-metýl-N-fenýl-5,6-díhýdró-1,4-oxapíín-3-karboxamíð, 5,6-díhýdró-2-metýl-1,4-oxapíín-3-karboxanilíð	226-031-1	5234-68-4	SEM-EV 2 Húðnæm. 1 Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H373 (nýru) H317 H400 H410	HSK08 HSK07 HSK09 Varúð	H373 (nýru) H317 H410		M = 1 M = 1 <sup>4</sup>	
„616-227-00-9	metaflúmisón (ISO), (EZ)-2'-[2-(4-sýanófenýl)-1-(α,α,α-tríflúoró-m-tólýl)-etýliden]-[4-(tríflúorómetoxý)-fenýl]karbanílhýdrasíð[E-hverfa ≥ 90%, Z-hverfa ≤ 10% hlutfallslegt innihald] [1] (E)-2'-[2-(4-sýanófenýl)-1-(α,α,α-tríflúoró-m-tólýl)-etýliden]-[4-(tríflúorómetoxý)-fenýl]karbanílhýdrasíð [2]	—	139968-49-3 [1] 852403-68-0 [2]	Eit. á æxl. 2 Áhrif á með mjólk. SEM-EV 2	H361fd H362 H373	HSK08 Varúð	H361fd H362 H373 <sup>4</sup>			
„650-056-00-0	díbútýlbis(pentan-2,4-díonató-O,O')tin	245-152-0	22673-19-4	Eit. á æxl. 1B SEM-EV 1	H360FD H372 (ónæmiskerfi)	HSK08 Hætta	H360FD H372 (ónæmiskerfi) <sup>4</sup> .			

IV. VIÐAUKI

Í stað línunnar með skrárnúmer „648-055-00-5“ í töflu 3 í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 kemur eftirfarandi:

Skrárnúmer	Efnaheiti	EB-nr.	CAS-nr.	Flokkun		Merkingar			Sértæk styrkleikamörk, M-stuðlar og matsgildi bráðra eiturhrifa	Athugasemdir
				Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir táknmynd, viðvörðunarorð	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir viðbótarhættusetningar		
„648-055-00-5	Bik, úr háhita-koltjöru. [Leif úr eimingu háhita-koltjöru. Svart, fast efni með mýkingarmark u.þ.b. á bilinu 30 til 180 °C (86 til 356 °F). Að mestu úr flókinni blöndu arómatískra vetniskolefna með þremur eða fleiri samrunnum hringum.]	266-028-2	65996-93-2	Krabb. 1A Stökkbr. 1B Eit. á æxl. 1B	H350 H340 H360FD	HSK08 Hætta	H350 H340 H360FD“.			